Hagtíðindi
Statistical Series

Þjóðhagsreikningar
National accounts

2009:9 • 7. september 2009

# Fjármál hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2009

## *Quarterly government accounts, 2nd quarter 2009*

*Samantekt*

**Hið opinbera var rekið með 45 milljarða króna tekjuhalla á 2. ársfjórðungi 2009 samanborið við 0,6 milljarða króna tekjuhalla á sama tíma 2008. Sem hlutfall af landsframleiðslu ársfjórðungsins mældist tekjuhallinn 12% og sem hlutfall af tekjum hins opinbera um 30%. Á sama ársfjórðungi 2008 mældist tekjuhallinn 0% af landsframleiðslu og 0,4% af tekjum hins opinbera. Þennan mikla viðsnúning í fjármálum hins opinbera má rekja bæði til mikils tekjusamdráttar og mikillar útgjaldaaukningar eins og sést á mynd 1.**

**Mynd 1. Tekjur og útgjöld hins opinbera á verðlagi hvers árs**[1]
*Figure 1. General government income and expenditure at current prices*[1]




[1] 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabanka Íslands á 4. ársfjórðungi 2008 er ekki meðtalin í heildargjöldum. *The central government debt assumption of 192,2 billion ISK in 4. quarter 2008 is excluded from total expenditure.*

Heildartekjur hins opinbera námu 150 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2009 samanborið við 163 milljarða króna á sama tíma 2008 og lækkuðu um 7,7% milli ára. Tekjulækkunin skýrist fyrst og fremst af 6,7 milljarða króna minni tekjum af vöru- og þjónustusköttum milli ára og um 5 milljarða króna minni tekjum af tekjusköttum. Á sama tíma jukust heildarútgjöld hins opinbera um 19% milli ársfjórðunganna eða úr ríflega 163 milljörðum króna 2008 í 195 milljarða króna 2009. Sú mikla útgjaldahækkun skýrist að mestu af 10 milljarða króna aukningu í félagslegum tilfærslum til heimilanna, 10 milljarða króna hækkun í vaxtakostnaði hins opinbera og ríflega 9 milljarða króna vexti í kaupum hins opinbera á vöru og þjónustu.

Hagstofa Íslands

**Hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, var neikvæð um 412 milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2009 samanborið við 37 milljarða króna jákvæða eign á sama ársfjórðungi 2008. Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.403 milljörðum króna í lok þessa ársfjórðungs eða sem nam 92% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Til samanburðar nam skuld ríkissjóðs 573 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2008 eða sem svarar 39% af landsframleiðslu (sjá mynd 2 og töflu 9).**

**Mynd 2. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af VLF**
*Figure 2. Central government financial assets and liabilities as percent of GDP*




## Hið opinbera

*Heildartekjur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2009 lækkuðu um 7,7% frá sama tíma 2008 og námu ríflega 150 milljörðum króna*

Heildartekjur hins opinbera, þ.e. ríkissjóðs, almannatrygginga og sveitarfélaga, námu ríflega 150 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2009 samkvæmt bráðabirgðatölum og hafa því lækkað um 7,7% frá sama ársfjórðungi 2008 er þær námu 163 milljörðum króna. Milli 1. og 2. ársfjórðungs 2009 lækkuðu tekjurnar um 2,3%. Skatttekjur og tryggingagjöld skiluðu 124 milljörðum króna samanborið við tæplega 136 milljarða króna á sama ársfjórðungi 2008. Mest er lækkunin í tekjum af vöru- og þjónustusköttum eða 6,7 milljarðar króna, en lækkunin í tekjusköttum nam 4,9 milljörðum króna eins og lesa má úr töflu 5.

*Á sama tíma hækkuðu útgjöldin um ríflega 19% og námu 195 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2009*

Heildarútgjöld hins opinbera námu 195 milljörðum króna á 2. ársfjórðungi 2009 samkvæmt bráðabirgðatölum og hafa aukist um ríflega 19% frá sama ársfjórðungi 2008 og um 7,4% frá 1. ársfjórðungi 2009. Stærstu útgjaldaliðirnir eru laun sem námu 57 milljörðum króna, kaup á vöru og þjónustu sem námu 50 milljörðum króna og félagslegar tilfærslur til heimila sem námu um 31 milljarði króna. Þá er talið að vaxtagjöld hins opinbera hafi verið ríflega 22 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2009 og opinber fjárfesting 16 milljarðar króna. Þessi mikla aukning í útgjöldum hins opinbera milli 2. ársfjórðungs 2008 og 2009 skýrist fyrst og fremst af rúmlega 10 milljarða króna auknum félagslegum tilfærslum til heimilanna, 10 milljarða króna auknum vaxtakostnaði og ríflega 9 milljarða króna vexti í kaupum á vöru og þjónustu. Þá eykst launakostnaður um 3 milljarða króna, en á móti dregst fjárfesting hins opinbera saman um tæpa 4 milljarða króna.

**Tafla 1. Fjárhagur hins opinbera á 2. ársfjórðungi 2008 og 2009**
*Table 1. General government finances in 2nd quarter 2008 and 2009*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2008<br>2. ársfj.<br>*2nd quart.* | 2009<br>2. ársfj.<br>*2nd quart.* | Breyting,<br>%<br>*Change, %* | 2007 | 2008 | Breyting,<br>%<br>*Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur<br>*Total revenue* | 162,8 | 150,3 | -7,7 | 623,8 | 653,5 | 4,8 |
| 2. Heildarútgjöld<br>*Total expenditure* | 163,4 | 195,1 | 19,3 | 553,1 | 853,7 | 54,3 |
| 2.1 Fjárfesting<br>*Investment* | 20,1 | 16,2 | -19,5 | 54,7 | 66,0 | 20,6 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2)<br>*Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -0,6 | -44,8 | • | 70,6 | -200,2 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum<br>*Financial balance*<br>*% of total revenue* | -0,4 | -29,8 | • | 11,3 | -30,6 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF<br>*Financial bal. % of GDP* | -0,2 | -12,0 | • | 5,4 | -13,6 | • |

*Tekjuafkoma hins opinbera var neikvæð um 45 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2009*

Tekjuafkoma hins opinbera reyndist neikvæð um 45 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2009 samanborið við 0,6 milljarða króna neikvæða afkomu á sama tíma 2008, og nemur tekjuhallinn 12% af landsframleiðslu ársfjórðungsins og um 30% af tekjum hins opinbera. Afkoman er því verulega óhagstæðari 2009 en 2008 eins og lesa má úr töflu 1 hér að ofan.

## Ríkissjóður

*Tekjuhalli ríkissjóðs var 38 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2009, eða 36% af tekjum ársfjórðungsins*

Bráðabirgðatölur benda til þess að heildartekjur ríkissjóðs á rekstrargrunni hafi verið 105,5 milljarðar króna á 2. ársfjórðungi 2009 og heildarútgjöld 143,6 milljarðar króna. Tekjujöfnuður ríkissjóðs er því neikvæður um ríflega 38 milljarða króna á þeim ársfjórðungi, eða sem nemur 10,3% af landsframleiðslu ársfjórðungsins. Samkvæmt þessu hafa tekjur ríkissjóðs lækkað um 10,4% frá sama tíma 2008 en útgjöldin hins vegar hækkað um 25,3%. Tekjujöfnuðurinn er því verulega óhagstæðari en á 2. ársfjórðungi 2008 þegar hann var jákvæður um rúmlega 3 milljarða króna eða 0,8% af landsframleiðslu þess ársfjórðungs.

Skattar og tryggingagjöld skiluðu ríkissjóði um 89 milljörðum króna, eða 84,2% tekna hans. Þar af skiluðu skattar á vöru og þjónustu 39,6 milljörðum króna, skattar á tekjur og hagnað 35,4 milljörðum króna og tryggingagjöldin 9,2 milljörðum króna. Á gjaldahlið ríkissjóðs eru fjárframlög til almannatrygginga og sveitarfélaga umfangsmesti útgjaldaliðurinn en þau námu 42 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2009. Launaútgjöld ríkissjóðs námu 30,7 milljörðum króna og kaup á vöru og þjónustu 23,2 milljörðum króna eins og lesa má í töflu 6.

*Hrein peningaleg eign ríkissjóðs hefur versnað um 449 milljarða króna milli 2. ársfjórðungs 2008 og 2009*

Peningalegar eignir ríkissjóðs námu rúmlega 990 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2009 eða sem nemur 65% af landsframleiðslu og hafa þær hækkað verulega frá sama ársfjórðungi 2008 eins og fram kemur í töflu 9. Munar þar mestu um hækkun á lánveitingum ríkissjóðs. Á sama tíma hafa skuldir ríkissjóðs ríflega tvöfaldast, en þær námu 1.403 milljörðum króna í lok 2. ársfjórðungs 2009 samanborið við 573 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2008. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þær 92%. Þessi þróun hefur haft í för með sér að hrein peningaleg eign ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, varð neikvæð um 412

milljarða króna í lok 2. ársfjórðungs 2009 samanborið við 37 milljarða króna jákvæða peningalega eign á sama ársfjórðungi 2008.

**Tafla 2. Fjárhagur ríkissjóðs á 2. ársfjórðungi 2008 og 2009**
*Table 2. Central government finances in 2nd quarter 2008 and 2009*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2008<br>2. ársfj.<br>*2nd quart.* | 2009<br>2. ársfj.<br>*2nd quart.* | Breyting,<br>%<br>*Change, %* | 2007 | 2008 | Breyting,<br>%<br>*Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur | | | | | | |
| *Total revenue* | 117,8 | 105,5 | -10,4 | 454,6 | 476,9 | 4,9 |
| 2. Heildarútgjöld | | | | | | |
| *Total expenditure* | 114,7 | 143,6 | 25,3 | 403,2 | 668,6 | 65,8 |
| 2.1 Fjárfesting | | | | | | |
| *Investment* | 10,0 | 10,6 | 6,7 | 22,4 | 30,8 | 37,6 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) | | | | | | |
| *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | 3,1 | -38,2 | • | 51,4 | -191,7 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum | | | | | | |
| *Financial balance* | | | | | | |
| *% of total revenue* | 2,6 | -36,2 | • | 11,3 | -40,2 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF | | | | | | |
| *Financial bal. % of GDP* | 0,8 | -10,3 | • | 3,9 | -13,0 | • |

## Sveitarfélög

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 6,7 milljarða króna á 2. ársfjórðungi 2009*

Heildartekjur sveitarfélaganna á 2. ársfjórðungi 2009 eru áætlaðar 48,4 milljarðar króna og heildarútgjöld rúmlega 55 milljarðar króna. Tekjuhalli þess ársfjórðungs er því áætlaður um 6,7 milljarðar króna. Þetta er tölvert óhagstæðari niðurstaða en á sama tíma 2008 þegar tekjuafkoman var neikvæð um 4,7 milljarða króna. Tekjur sveitarfélaga hafa lækkað um 1,2% frá sama tíma í fyrra en útgjöldin hækkað um 2,6%. Mat á ársfjórðungsafkomu sveitarfélaganna gæti tekið talsverðum breytingum þar sem skil þeirra á fjárhagstölum líðandi árs eru mjög slök.

**Tafla 3. Fjárhagur sveitarfélaga á 2. ársfjórðungi 2008 og 2009**
*Table 3. Local government finances in 2nd quarter 2008 and 2009*

| Fjárhæðir í milljörðum króna<br>*Figures in billion ISK* | 2008<br>2. ársfj.<br>*2nd quart.* | 2009<br>2. ársfj.<br>*2nd quart.* | Breyting,<br>%<br>*Change, %* | 2007 | 2008 | Breyting,<br>%<br>*Change, %* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Heildartekjur | | | | | | |
| *Total revenue* | 49,0 | 48,4 | -1,2 | 185,3 | 193,4 | 4,4 |
| 2. Heildarútgjöld | | | | | | |
| *Total expenditure* | 53,7 | 55,1 | 2,6 | 177,3 | 206,3 | 16,3 |
| 2.1 Fjárfesting | | | | | | |
| *Investment* | 10,2 | 5,6 | -45,0 | 32,3 | 35,1 | 8,9 |
| 3. Tekjujöfnuður (3 = 1 - 2) | | | | | | |
| *Financial bal. (3 = 1 - 2)* | -4,7 | -6,7 | • | 8,0 | -12,9 | • |
| 4. Tekjujöfnuður % af tekjum | | | | | | |
| *Financial balance* | | | | | | |
| *% of total revenue* | -9,5 | -13,7 | • | 4,3 | -6,7 | • |
| 5. Tekjujöfnuður % af VLF | | | | | | |
| *Financial bal. % of GDP* | -1,3 | -1,8 | • | 0,6 | -0,9 | • |

*Fjárfesting sveitarfélaga milli 2. ársfjórðungs 2008 og 2009 hefur dregist umtalsvert saman*

Útsvarstekjur skiluðu sveitarfélögunum 27 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2009, eða um 56% tekna þeirra. Aðrir skattar skiluðu 8,2 milljörðum króna, fjárframlög frá ríkissjóði 4 milljörðum og aðrar tekjur um 9 milljörðum króna. Launagreiðslur eru umfangsmesti útgjaldaliður sveitarfélaganna, eða 43,5% útgjaldanna, en 22,4 milljarðar króna voru greiddar í laun á öðrum ársfjórðungi 2009. Kaup á vöru og þjónustu námu 17,8 milljörðum króna og fjárfestingin 5,6 milljörðum króna, en umtalsverð lækkun hefur orðið á fjárfestingu sveitarfélaganna frá sama ársfjórðungi 2008.

## Gagna- og aðferðalýsing

*Fjármál hins opinbera og undirgeira þess eru sett fram á rekstrargrunni*

Áætlanir um tekjur og gjöld ríkissjóðs byggjast á gögnum frá Fjársýslu ríkisins. Reynt er að meta tekjur og gjöld á rekstrargrunni í samræmi við uppgjör þjóðhagsreikninga, ekki á greiðslugrunni eins og mánaðarhefti ríkissjóðs sýna. Rekstrargrunnur felur í sér að skuldbindingar eru færðar til tekna eða gjalda þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær greiðslur fara fram. Við mat á fjármálum sveitarfélaganna er byggt á úrtaki stærstu sveitarfélaga landsins, sem náð hefur til um fjögurra fimmtu hluta íbúafjöldans, og hefur það verið uppfært til heildar. Að þessu sinni hafa skil sveitarfélaga á fjármálatölum líðandi árs verið afar slök og hefur Hagstofan því neyðst til að byggja í ríkari mæli á áætlunum við mat við gerð þjóðhagsreikninga og afkomu hins opinbera. Tölur um fjárfestingu sveitarfélaganna eru háðar nokkurri óvissu og er því að hluta miðað við fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið ásamt ársfjórðungstölum úrtaksins.

Hagstofan leggur hér megináherslu á tekjuafkomuna við mat á afkomu hins opinbera. En annar mælikvarði er einnig notaður, en það er rekstrarafkoma. Munurinn á rekstrarjöfnuði og tekjujöfnuði er sá að rekstrarjöfnuður sýnir niðurstöðu rekstrarreiknings eftir að afskriftir hafa verið gjaldfærðar en tekjujöfnuður sýnir niðurstöðuna eftir að fjárfesting hefur verið dregin frá rekstrarjöfnuði, en þá eru afskriftir ekki gjaldfærðar. Munur þessara tveggja mælikvarða felst því í muninum á afskriftum og fjárfestingu. Ef fjárfestingin er hærri en afskriftir verður tekjujöfnuðurinn lakari en rekstrarjöfnuðurinn eða sem nemur þeim mun.

## English summary

In the 2nd quarter of 2009, the financial balance of the general government (i.e. the central government, the social security funds and the local governments) amounted to 45 billion ISK in deficit or 12% of quarterly GDP and 30% of general government total revenue. This can be compared with a surplus of 0% of quarterly GDP and 0.4% of general government total revenue in the 2nd quarter of 2008. This adverse deterioration between the 2nd quarters 2008 and 2009 is due to both income reduction and large expenditure increase (see diagram 1).

The general government total revenue amounted to 150 billion ISK in the 2nd quarter 2009 and had decreased by more than 7.7% from the same quarter 2008, mostly due to 6.7 billion ISK decrease in revenue from taxes on goods and services and 5 billion ISK decrease in revenue from income taxes. The total expenditure increased at the same time by 19% between the 2nd quarters, or from 163 billion ISK in 2008 to 195 billion ISK in 2009. The main reasons are over 10 billion ISK increase in social benefits, 10 billion ISK increase in interest payments and over 9 billion ISK increase in government's purchase of goods and services between these two quarters.

The central government net financial assets, i.e. the financial assets less liabilities, was negative by 412 billion ISK or 27% of GDP in end of 2nd quarter 2009 compared with a positive net financial assets of 37 billion ISK or 2.5% of GDP in the same period 2008. The central government total liabilities amounted to 1,403 billion ISK in the end of 2nd quarter 2009 or 92% of estimated GDP. This can be compared with 573 billion ISK or 39% of GDP in end of 2nd quarter 2008.

The revenue and expenditure figures for the general government and its subsectors are presented on an accrual basis and in line with national accounts principles whereas the monthly figures on central government published by the Government Financial Authority are on cash basis. Accrual basis means that flows are recorded when they are established regardless of when the actual payments are made. The data presented here, both for the central and local governments, are preliminary.

## Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2006–2009
*Table 4. Quarterly Government Finances 2006–2009*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildartekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | – þar af fjárfesting<br>*– thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1-2)* | Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður, hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hið opinbera** ***The General Government*** | | | | | | |
| **2006** | **560,5** | **486,6** | **45,6** | **73,9** | **13,2** | **6,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 134,4 | 115,5 | 9,3 | 18,9 | 14,1 | 1,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 137,3 | 123,3 | 12,7 | 13,9 | 10,2 | 1,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 140,4 | 123,1 | 13,2 | 17,3 | 12,3 | 1,5 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 148,5 | 124,8 | 10,3 | 23,7 | 15,9 | 2,0 |
| **2007** | **623,8** | **553,1** | **54,7** | **70,6** | **11,3** | **5,4** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 153,6 | 131,1 | 11,1 | 22,5 | 14,6 | 1,7 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 153,3 | 141,5 | 15,3 | 11,8 | 7,7 | 0,9 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 156,1 | 139,2 | 16,0 | 16,9 | 10,8 | 1,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 160,9 | 141,3 | 12,4 | 19,6 | 12,2 | 1,5 |
| **2008** | **653,5** | **853,7**[1] | **66,0** | **-200,2** | **-30,6** | **-13,6** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 167,7 | 148,5 | 13,6 | 19,2 | 11,4 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 162,8 | 163,4 | 20,1 | -0,6 | -0,4 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 160,9 | 173,4 | 19,4 | -12,5 | -7,8 | -0,9 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 162,0 | 368,3 | 12,9 | -206,3 | -127,3 | -14,0 |
| **2009** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 153,7 | 181,7 | 9,3 | -27,9 | -18,2 | -1,8 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 150,3 | 195,1 | 16,2 | -44,8 | -29,8 | -2,9 |
| **Ríkissjóður** ***The Central Government*** | | | | | | |
| **2006** | **412,8** | **350,8** | **15,6** | **62,0** | **15,0** | **5,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 97,6 | 83,0 | 2,7 | 14,6 | 15,0 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 100,1 | 86,2 | 4,3 | 14,0 | 13,9 | 1,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 103,9 | 90,0 | 4,8 | 13,9 | 13,4 | 1,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 111,2 | 91,7 | 3,7 | 19,5 | 17,6 | 1,7 |
| **2007** | **454,6** | **403,2** | **22,4** | **51,4** | **11,3** | **3,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 111,5 | 95,1 | 3,9 | 16,5 | 14,8 | 1,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 109,7 | 101,0 | 6,2 | 8,7 | 7,9 | 0,7 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 114,6 | 101,6 | 6,9 | 13,0 | 11,3 | 1,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 118,7 | 105,4 | 5,3 | 13,2 | 11,2 | 1,0 |
| **2008** | **476,9** | **668,6**[1] | **30,8** | **-191,7** | **-40,2** | **-13,0** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 122,7 | 104,3 | 4,4 | 18,4 | 15,0 | 1,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 117,8 | 114,7 | 10,0 | 3,1 | 2,6 | 0,2 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 118,5 | 127,2 | 9,9 | -8,7 | -7,3 | -0,6 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 117,9 | 322,4 | 6,6 | -204,5 | -173,4 | -13,8 |
| **2009** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 109,0 | 132,9 | 4,3 | -23,8 | -21,9 | -1,6 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 105,5 | 143,6 | 10,6 | -38,2 | -36,2 | -2,5 |

[1] 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption of 192.2 billion ISK is included.*

Tafla 4. Fjármál hins opinbera eftir ársfjórðungum 2006–2009 (frh.)
*Table 4. Quarterly Government Finances 2006–2009 (cont.)*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna<br>*Billion ISK at current prices* | Heildartekjur<br>*Total revenue*<br>*(1)* | Heildar-útgjöld<br>*Total expenditure*<br>*(2)* | – þar af fjárfesting<br>*– thereof investment*<br>*(2.1)* | Tekju-jöfnuður<br>*Financial balance*<br>*(3=1-2)* | Tekjujöfnuður, hlutfall af heildartekjum<br>*Financial balance % of total revenue* | Tekju-jöfnuður, hlutfall af VLF<br>*Financial balance % of GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sveitarfélög** ***The Local Governments*** | | | | | | |
| **2006** | **161,2** | **157,4** | **30,0** | **3,8** | **2,3** | **0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 40,0 | 37,6 | 6,6 | 2,5 | 6,1 | 0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 40,1 | 40,8 | 8,4 | -0,6 | -1,6 | 0,0 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 40,0 | 39,3 | 8,4 | 0,7 | 1,8 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 41,0 | 39,7 | 6,6 | 1,2 | 3,0 | 0,1 |
| **2007** | **185,3** | **177,3** | **32,3** | **8,0** | **4,3** | **0,6** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 45,9 | 42,7 | 7,1 | 3,2 | 7,0 | 0,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 47,2 | 45,7 | 9,0 | 1,6 | 3,3 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 45,6 | 44,2 | 9,0 | 1,4 | 3,0 | 0,1 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 46,6 | 44,7 | 7,1 | 1,8 | 3,9 | 0,1 |
| **2008** | **193,4** | **206,3** | **35,1** | **-12,9** | **-6,7** | **-0,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 49,1 | 50,3 | 9,1 | -1,2 | -2,5 | -0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 49,0 | 53,7 | 10,2 | -4,7 | -9,5 | -0,3 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 46,8 | 51,0 | 9,5 | -4,2 | -9,0 | -0,3 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 48,5 | 51,3 | 6,3 | -2,8 | -5,7 | -0,2 |
| **2009** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 48,4 | 52,5 | 5,0 | -4,1 | -8,5 | -0,3 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 48,4 | 55,1 | 5,6 | -6,7 | -13,8 | -0,4 |
| **Almannatryggingar** ***The Social Security Funds*** | | | | | | |
| **2006** | **90,8** | **82,7** | **0,0** | **8,1** | **8,9** | **0,7** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 22,3 | 20,5 | 0,0 | 1,9 | 8,4 | 0,2 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 21,3 | 20,7 | 0,0 | 0,6 | 2,8 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 23,3 | 20,6 | 0,0 | 2,7 | 11,7 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 23,8 | 20,9 | 0,0 | 2,9 | 12,2 | 0,2 |
| **2007** | **103,3** | **92,0** | **0,1** | **11,3** | **11,0** | **0,9** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 24,7 | 22,9 | 0,0 | 1,8 | 7,1 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 24,7 | 23,2 | 0,0 | 1,5 | 6,0 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 25,8 | 23,1 | 0,0 | 2,8 | 10,7 | 0,2 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 28,1 | 23,5 | 0,0 | 4,7 | 16,6 | 0,4 |
| **2008** | **113,2** | **108,8** | **0,0** | **4,4** | **3,9** | **0,3** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 23,9 | 21,9 | 0,0 | 2,0 | 8,4 | 0,1 |
| 2. ársfjórðungur *2nd quarter* | 26,4 | 25,4 | 0,0 | 1,0 | 3,7 | 0,1 |
| 3. ársfjórðungur *3rd quarter* | 30,8 | 30,5 | 0,0 | 0,4 | 1,2 | 0,0 |
| 4. ársfjórðungur *4th quarter* | 32,0 | 31,0 | 0,0 | 1,0 | 3,1 | 0,1 |
| **2009** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** | **...** |
| 1. ársfjórðungur *1st quarter* | 35,2 | 35,2 | 0,0 | 0,0 | 0,1 | 0,0 |
| 2. ársfjórðungur 2nd quarter | 37,7 | 37,6 | 0,0 | 0,1 | 0,2 | 0,0 |

**Tafla 5. Tekjur og gjöld hins opinbera eftir ársfjórðungum 2008–2009**
*Table 5. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2008 Alls *Total* | 2008 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2009 Á *Q* I | Á *Q* II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **653,5** | **167,7** | **162,8** | **160,9** | **162,0** | **153,7** | **150,3** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 500,8 | 130,9 | 125,2 | 122,8 | 121,9 | 118,0 | 114,8 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 263,5 | 67,2 | 67,3 | 60,5 | 68,4 | 66,2 | 62,5 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,2 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 32,0 | 8,2 | 8,0 | 8,0 | 7,9 | 8,1 | 7,9 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 195,0 | 52,6 | 47,8 | 50,9 | 43,7 | 40,4 | 41,1 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,9 | 2,0 | 1,1 | 1,9 | 0,9 | 1,2 | 1,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 2,2 | 0,3 | 0,4 | 1,0 | 0,4 | 1,5 | 1,8 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 41,6 | 10,4 | 10,4 | 10,5 | 10,3 | 9,5 | 9,2 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 1,4 | 0,1 | 0,2 | 0,3 | 0,8 | 0,0 | 0,1 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 109,6 | 26,3 | 27,1 | 27,2 | 29,0 | 26,2 | 26,1 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **853,7** | **148,5** | **163,4** | **173,4** | **368,3** | **181,7** | **195,1** |
| 21 Laun *Wages* | 216,2 | 50,3 | 54,0 | 54,4 | 57,5 | 54,3 | 57,0 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 171,4 | 38,4 | 40,8 | 42,6 | 49,6 | 47,7 | 50,1 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 27,2 | 6,7 | 6,8 | 6,8 | 6,9 | 7,9 | 7,9 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 49,5 | 11,9 | 12,2 | 12,6 | 12,8 | 21,9 | 22,4 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 27,4 | 7,6 | 6,6 | 6,5 | 6,7 | 7,5 | 7,6 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 3,4 | 0,1 | 0,8 | 1,2 | 1,4 | 0,7 | 1,0 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 89,8 | 18,8 | 20,7 | 26,3 | 24,0 | 30,3 | 30,8 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 230,0 | 8,0 | 8,1 | 10,5 | 203,4 | 10,1 | 10,0 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 66,0 | 13,6 | 20,1 | 19,4 | 12,9 | 9,3 | 16,2 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -27,2 | -6,7 | -6,8 | -6,8 | -6,9 | -7,9 | -7,9 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-200,2** | **19,2** | **-0,6** | **-12,5** | **-206,3** | **-27,9** | **-44,8** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-30,6** | **11,4** | **-0,4** | **-7,8** | **-127,3** | **-18,2** | **-29,8** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-13,6** | **1,3** | **0,0** | **-0,9** | **-14,0** | **-1,8** | **-2,9** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **44,3** | **11,4** | **11,0** | **10,9** | **11,0** | **10,1** | **9,9** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **57,8** | **10,1** | **11,1** | **11,7** | **24,9** | **11,9** | **12,8** |

**Skýringar** *Notes*: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

## Tafla 6. Tekjur og gjöld ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2008–2009
*Table 6. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2008 Alls *Total* | 2008 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2009 Á *Q* I | Á *Q* II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **476,9** | **122,7** | **117,8** | **118,5** | **117,9** | **109,0** | **105,5** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 360,1 | 95,1 | 89,3 | 88,8 | 87,0 | 82,9 | 79,5 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 157,5 | 40,5 | 40,5 | 35,2 | 41,3 | 39,0 | 35,4 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 2,2 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,6 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 6,3 | 1,8 | 1,5 | 1,5 | 1,4 | 1,4 | 1,2 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 186,1 | 50,0 | 45,2 | 48,6 | 42,3 | 39,2 | 39,6 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 5,9 | 2,0 | 1,1 | 1,9 | 0,9 | 1,2 | 1,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 2,1 | 0,3 | 0,4 | 1,0 | 0,4 | 1,5 | 1,8 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 41,6 | 10,4 | 10,4 | 10,5 | 10,3 | 9,5 | 9,2 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 2,4 | 0,3 | 0,4 | 0,5 | 1,1 | 0,3 | 0,4 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 72,7 | 16,9 | 17,7 | 18,5 | 19,6 | 16,3 | 16,3 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **668,6** | **104,3** | **114,7** | **127,2** | **322,4** | **132,9** | **143,6** |
| 21 Laun *Wages* | 118,1 | 27,1 | 29,2 | 30,1 | 31,8 | 29,5 | 30,7 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 86,4 | 18,7 | 19,8 | 22,3 | 25,6 | 22,6 | 23,2 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 19,9 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,0 | 5,7 | 5,7 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 41,3 | 9,9 | 10,1 | 10,5 | 10,8 | 18,7 | 19,2 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 23,2 | 6,5 | 5,6 | 5,4 | 5,7 | 6,3 | 6,4 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 132,5 | 27,9 | 30,9 | 36,2 | 37,6 | 39,4 | 42,0 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 16,2 | 3,9 | 3,5 | 4,8 | 4,0 | 4,8 | 4,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 219,9 | 5,9 | 5,6 | 8,0 | 200,4 | 7,2 | 7,1 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 30,8 | 4,4 | 10,0 | 9,9 | 6,6 | 4,3 | 10,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -19,9 | -5,0 | -5,0 | -5,0 | -5,0 | -5,7 | -5,7 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-191,7** | **18,4** | **3,1** | **-8,7** | **-204,5** | **-23,8** | **-38,2** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-40,2** | **15,0** | **2,6** | **-7,3** | **-173,4** | **-21,9** | **-36,2** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-13,0** | **1,2** | **0,2** | **-0,6** | **-13,8** | **-1,6** | **-2,5** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **32,3** | **8,3** | **8,0** | **8,0** | **8,0** | **7,2** | **6,9** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **45,3** | **7,1** | **7,8** | **8,6** | **21,8** | **8,7** | **9,4** |

**Skýringar** *Notes*: 192,2 milljarða króna yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum vegna veðlána Seðlabankans er meðtalin. *The central government debt assumption 2008 of 192.2 billion ISK is included.*

**Tafla 7. Tekjur og gjöld sveitarfélaga eftir ársfjórðungum 2008–2009**
*Table 7. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna *Billion ISK at current prices* | 2008 Alls *Total* | 2008 Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* I | II | III | IV | 2009 Á *Q* I | 2009 Á *Q* II |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **193,4** | **49,1** | **49,0** | **46,7** | **48,5** | **48,4** | **48,4** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 140,6 | 35,8 | 35,9 | 34,0 | 34,9 | 35,1 | 35,3 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 105,9 | 26,7 | 26,8 | 25,3 | 27,1 | 27,2 | 27,1 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 25,8 | 6,4 | 6,4 | 6,4 | 6,4 | 6,7 | 6,7 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 8,9 | 2,6 | 2,7 | 2,2 | 1,4 | 1,2 | 1,5 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 18,8 | 4,6 | 4,4 | 4,8 | 4,9 | 4,2 | 4,0 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 34,0 | 8,7 | 8,7 | 7,9 | 8,7 | 9,1 | 9,1 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **206,3** | **50,3** | **53,7** | **51,0** | **51,3** | **52,5** | **55,1** |
| 21 Laun *Wages* | 83,1 | 19,8 | 21,1 | 20,5 | 21,7 | 21,0 | 22,4 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 58,4 | 14,5 | 15,0 | 13,6 | 15,4 | 17,3 | 17,8 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 7,4 | 1,8 | 1,8 | 1,9 | 1,9 | 2,1 | 2,1 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 8,2 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 2,0 | 3,1 | 3,1 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 3,9 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,0 | 1,1 | 1,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 0,9 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 6,9 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 1,7 | 2,0 | 2,0 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 9,7 | 1,9 | 2,4 | 2,4 | 2,9 | 2,8 | 2,8 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 35,1 | 9,1 | 10,2 | 9,5 | 6,3 | 5,0 | 5,6 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | -7,4 | -1,8 | -1,8 | -1,9 | -1,9 | -2,1 | -2,1 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **-12,9** | **-1,2** | **-4,7** | **-4,2** | **-2,8** | **-4,1** | **-6,7** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **-6,7** | **-2,5** | **-9,5** | **-9,0** | **-5,7** | **-8,5** | **-13,8** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **-0,9** | **-0,1** | **-0,3** | **-0,3** | **-0,2** | **-0,3** | **-0,4** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **13,1** | **3,3** | **3,3** | **3,2** | **3,3** | **3,2** | **3,2** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **14,0** | **3,4** | **3,6** | **3,5** | **3,5** | **3,4** | **3,6** |

## Tafla 8. Tekjur og gjöld almannatrygginga eftir ársfjórðungum 2008–2009

*Table 8. Quarterly Government Revenue and Expenditure 2008–2009*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2008 | | | | | 2009 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Alls | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* | Á *Q* |
| | *Total* | I | II | III | IV | I | II |
| **1 Heildartekjur *Total revenue*** | **113,2** | **23,9** | **26,4** | **30,8** | **32,0** | **35,2** | **37,7** |
| 11 Skatttekjur *Taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 111 Skattar á tekjur *Taxes on revenue* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 112 Skattar á laun *Taxes on payroll* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 113 Eignarskattar *Property taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 114 Skattar á vöru og þjónustu *Taxes on goods and services* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 115 Skattar á alþjóðaviðskipti *Taxes on international trade* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 116 Aðrir skattar *Other taxes* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 12 Tryggingagjöld *Social contributions* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 13 Fjárframlög *Grants* | 110,3 | 23,2 | 25,7 | 30,1 | 31,3 | 34,5 | 37,0 |
| 14 Aðrar tekjur *Other revenue* | 2,9 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 | 0,7 |
| **2 Heildarútgjöld *Total expenditure*** | **108,8** | **21,9** | **25,4** | **30,5** | **31,0** | **35,2** | **37,6** |
| 21 Laun *Wages* | 14,9 | 3,4 | 3,7 | 3,8 | 4,0 | 3,7 | 3,9 |
| 22 Kaup á vöru og þjónustu *Use of goods and services* | 26,5 | 5,2 | 6,1 | 6,6 | 8,6 | 7,8 | 9,1 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 24 Vaxtagjöld *Interest* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 25 Framleiðslustyrkir *Subsidies* | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 26 Fjárframlög *Grants* | 0,1 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 27 Félaglegar tilfærslur til heimila *Social benefits* | 66,6 | 13,1 | 15,4 | 19,8 | 18,2 | 23,5 | 24,4 |
| 28 Önnur útgjöld *Other expenditure* | 0,4 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| 31 Fjárfesting *Net acquisition of nonfinancial assets* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 23 Afskriftir *Consumption of fixed capital* | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| **Tekjujöfnuður (1-2) *Net lending / borrowing (NLB)*** | **4,4** | **2,0** | **1,0** | **0,4** | **1,0** | **0,0** | **0,1** |
| **Tekjujöfnuður % af tekjum *NLB % of total revenue*** | **3,9** | **8,4** | **3,7** | **1,2** | **3,1** | **0,1** | **0,2** |
| **Tekjujöfnuður % af VLF *NLB % of GDP*** | **0,3** | **0,1** | **0,1** | **0,0** | **0,1** | **0,0** | **0,0** |
| **Heildartekjur % af VLF *Total revenue % of GDP*** | **7,7** | **1,6** | **1,8** | **2,1** | **2,2** | **2,3** | **2,5** |
| **Heildargjöld % af VLF *Total expenditure % of GDP*** | **7,4** | **1,5** | **1,7** | **2,1** | **2,1** | **2,3** | **2,5** |

**Tafla 9. Peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs eftir ársfjórðungum 2007–2009**
*Table 9. Central Government Financial Accounts on quarterly basis 2007–2009*

| Verðlag hvers árs, milljarðar króna | 2007 | 2008 | | | | 2009 | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Billion ISK at current prices* | Á *Q* | Ársfjórðungar (Á) *Quarters (Q)* | | | | Á *Q* | Á *Q* |
| | IV | I | II | III | IV | I | II |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **582,8** | **617,0** | **610,2** | **745,8** | **960,0** | **1.000,2** | **990,5** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 102,9 | 137,4 | 124,5 | 291,9 | 183,2 | 222,1 | 190,8 |
| Lánveitingar *Loans* | 176,9 | 181,2 | 175,5 | 165,4 | 478,0 | 461,9 | 484,3 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 177,4 | 177,6 | 192,4 | 192,4 | 194,8 | 195,2 | 198,3 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 125,6 | 120,8 | 117,9 | 96,1 | 103,9 | 121,1 | 117,0 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **560,5** | **571,6** | **572,9** | **722,3** | **1.198,5** | **1.244,2** | **1.402,6** |
| Verðbréf *Securities* | 119,5 | 129,9 | 183,0 | 198,2 | 313,8 | 279,5 | 300,6 |
| Lántökur *Loans* | 195,0 | 194,9 | 123,3 | 264,0 | 622,2 | 684,3 | 711,1 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 31,0 | 31,0 | 18,3 | 29,5 | 304,4 | 371,7 | 368,7 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 164,0 | 163,9 | 105,0 | 234,5 | 317,8 | 312,6 | 342,4 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 210,8 | 210,5 | 231,3 | 231,3 | 231,3 | 230,2 | 342,9 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 35,2 | 36,3 | 35,4 | 28,9 | 31,2 | 50,2 | 47,9 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **22,2** | **45,4** | **37,2** | **23,5** | **-238,5** | **-244,0** | **-412,0** |
| **Hlutfall af landsframleiðslu** ***Per cent of GDP*** | | | | | | | |
| **Peningalegar eignir** ***Financial assets*** | **45,1** | **41,8** | **41,3** | **50,5** | **65,0** | **65,6** | **65,0** |
| Sjóður og bankareikningar *Currency and deposits* | 8,0 | 9,3 | 8,4 | 19,8 | 12,4 | 14,6 | 12,5 |
| Lánveitingar *Loans* | 13,7 | 12,3 | 11,9 | 11,2 | 32,4 | 30,3 | 31,8 |
| Hlutafé *Shares and other equity* | 13,7 | 12,0 | 13,0 | 13,0 | 13,2 | 12,8 | 13,0 |
| Viðskiptakröfur *Other accounts receivables* | 9,7 | 8,2 | 8,0 | 6,5 | 7,0 | 7,9 | 7,7 |
| **Skuldir** ***Liabilities*** | **43,3** | **38,7** | **38,8** | **48,9** | **81,2** | **81,6** | **92,0** |
| Verðbréf *Securities* | 9,2 | 8,8 | 12,4 | 13,4 | 21,2 | 18,3 | 19,7 |
| Lántökur *Loans* | 15,1 | 13,2 | 8,3 | 17,9 | 42,1 | 44,9 | 46,6 |
| Innlend lán *Domestic loans* | 2,4 | 2,1 | 1,2 | 2,0 | 20,6 | 24,4 | 24,2 |
| Erlend lán *Foreign loans* | 12,7 | 11,1 | 7,1 | 15,9 | 21,5 | 20,5 | 22,5 |
| Lífeyrisskuldbindingar *Insurance technical reserves* | 16,3 | 14,3 | 15,7 | 15,7 | 15,7 | 15,1 | 22,5 |
| Viðskiptaskuldir *Other accounts payable* | 2,7 | 2,5 | 2,4 | 2,0 | 2,1 | 3,3 | 3,1 |
| **Hrein peningaleg eign** ***Net financial assets*** | **1,7** | **3,1** | **2,5** | **1,6** | **-16,2** | **-16,0** | **-27,0** |

Hagtíðindi
Statistical Series

**Þjóðhagsreikningar**
***National accounts***

94. árg. • 51. tbl.
2009:9

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (vefútgáfa *pdf*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Jóhann Rúnar Björgvinsson • johann.bjorgvinsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*